22. september 2023

# Málefnasvið fjármála- og efnahagsráðuneytis

# Frumvarp til fjárlaga 2024

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Málefnasvið 5: Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

## 5.1. Skattar og innheimta

Skattframkvæmd er á hendi stofnana.
FJR með stefnumótun, almenn samskipti og eftirlit með stofnunum sem sinna skattframkvæmd.

## 5.2 Eignaumsýsla ríkisins

Eignir ríkisins þar sem FJR fer með eigendahlutverk gagnvart félögum, eignarhald og umsýslu fasteigna, jarðeigna og auðlinda þar sem yfirumsjón er í höndum FJR, og opinberar framkvæmdir.

## 5.3. Fjármálaumsýsla ríkisins

Fjármálalegir og rekstrarlegir innviðir ríkisins og margvísleg grunnþjónusta til stofnana og ráðuneyta, þ.m.t. reikningsskil ríkisaðila, miðlun upplýsinga um fjármál ríkisins og skilvirk greiðslumiðlun, opinber innkaup og kjara- og mannauðsmál ríkisins

## 5.4 Stjórnsýsla ríkisfjármála

Undir málaflokkinn fellur aðalskrifstofa FJR, ráðstöfunarfé og ýmis önnur verkefni sem ekki verða auðveldlega felld undir önnur málefnasvið eða málaflokka.

# Helstu áherslur á málefnasviði 5

**Sjálfbær og sam-keppnishæf**

**Tryggja sjálfbæra skuldastöðu ríkissjóðs** og markvissa nýtingu eigna.

Beiting hagrænna hvata til **grænna umskipta.**

**Stafræn og nútímaleg þjónusta** sem mætir þörfum borgaranna.

## Framtíðarsýn

Samfélag verðmætasköpunar og velsældar

## Meginmarkmið

Að ríkisfjármál, rekstur og þjónusta ríkisins styðji við samfélagslegar framfarir, samkeppnishæfni, bætt lífskjör og velferð á Íslandi.

# Breytingar á ramma milli áranna 2023 og 2024



# Aðhald aukið í ríkisrekstrinum

850 m.kr.

Heildaraðhald á málefnasviði 5

| 400 m.kr. | 230 m.kr. | 220 m.kr. |
|---|---|---|
| 2%<br>Almenn aðhaldskrafa<br>Dreift jafnt á stofnanir | 2,5%<br>Lækkun<br>Launakostnaðar<br>Dreift jafnt á stofnanir | Lækkun annarra rekstrargjalda<br><br>Lækkun ferðakostnaðar, hagkvæmari innkaup o.fl. |

# 5.1 Skattar og innheimta

**Helstu breytingar á fjárheimildum**

**Almennt útgjaldasvigrúm**
Fjárheimild er aukin um 46 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málefnasviðsins til að styðja við bætta innheimtu og eftirlit, sbr. Markmið 1

**Niðurfelld útgjöld**
Fjárheimild málaflokksins lækkar um 12 m.kr. vegna tímabundinna verkefna um skráningu raunverulegra eigenda sem falla niður

**Aðhald:**
Aðhald er útfært hlutfallslega niður á stofnanir
Sérstakt aðhald sett á innheimtukostnað vegna átaksverkefnis

## Útgjaldabreytingar málaflokksins



# Aðhald á stofnanir og verkefni

## 5.1 Skattar og innheimta

| | Laun | Önnur gjöld | Fjárfesting | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Skatturinn** | | | | |
| Almennt aðhald | -131,3 | -29,5 | -1,6 | -162,4 |
| Sértækt aðhald | -125,8 | -16,7 | | -142,5 |
| **Yfirskattanefnd** | | | | |
| Sértækt aðhald | -3,8 | | | -3,8 |
| **Innheimtukostnaður** | | -50 | | -50 |
| **Varasjóður málaflokks** | -1,3 | -0,3 | | -1,6 |
| **Aðhald samtals** | **-262,2** | **-96,5** | **-1,6** | **-360,3** |

# 5.1 Skattar og innheimta

| Markmið | Aðgerðir: |
| --- | --- |
| **Bæta skattskil með skilvirkara og einfaldara skattkerfi** | • Þróun áhættumiðaðs eftirlits samhliða eflingu stafræns umhverfis.<br>• Stýrihópur verður settur á fót sem mun vinna að heildarendurskoðun á lögum um virðisaukaskatt<br>• Þróa samræmda aðferðafræði við mat á skattagapi í virðisaukaskatti. |
| Efla þjónustu og upplýsingagjöf við einstaklinga og fyrirtæki | • Aukin áhersla á áframhaldandi þróun stafrænna þjónustulausna með rafrænum skilum og aukinni sjálfvirkni í innheimtu.<br>• Aukið samstarf og stöðlun stafrænna gagna í þágu viðskiptakerfa með það að markmiði að fækka hindrunum innan Norðurlandanna. |
| Skattkerfið styðji við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og nýsköpun | • Innleitt verður nýtt tekjuöflunarkerfi í tveimur áföngum vegna umferðar og orkuskipta í formi veggjalda vegna notkunar bifreiða.<br>• Jákvæðum fjárfestingahvötum og skilvirkum ívilnunum verður beitt samhliða gjaldtöku á losun gróðurhúsalofttegunda |

# 5.2 Eignaumsýsla ríkisins

**Framkvæmdasýsla-Ríkiseignir (FSRE)** er stærsta stofnunin sem fellur undir málaflokksins en stofnunin er alfarið fjármögnuð með sértekjum. Ekki var gerð breyting á áætluðum rekstrartekjum stofnunarinnar og er rekstrarmódel hennar í skoðun og er gert er ráð fyrir að gerð verði tillaga að breytingu í 2. umræðu fjárlaga.

## Aðhald

| m.kr. | Laun | Önnur gjöld | Eigna-kaup | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Bankasýsla ríkisins | -2 | -0,5 | 0 | -2,5 |
| Ýmsar fasteignir ríkissjóðs | | | -25,4 | -25,4 |
| Varasjóður málaflokks | -0,1 | -1,9 | 0 | -2 |
| **Samtals** | **-2,1** | **-2,4** | **-25,4** | **-29,9** |

## Útgjaldabreytingar málaflokksins



# 5.2 Eignaumsýsla ríkisins

| **Markmið** | Aðgerðir: |
|---|---|
| Bætt yfirsýn, aukið gagnsæi og samfélagslega arðbær og ábyrgur rekstur eigna í eigu ríkisins | • Innleiðing á nýju fyrirkomulagi varðandi umsýslu og stýringu eignarhalds ríkisins í félögum.<br>• Endurskoðun og mat á félagasafni ríkisins verði sett af stað með tilliti til tilgangs og ábata eignarhalds.<br>• Reglur um val og hæfniskröfur stjórna verði gefnar út og innleiddar. |
| Markvissari stýring á fjárfestingum ríkisins | • Frumvarp um fjárfestingar ríkisins, heildarendurskoðun á skipan opinberra framkvæmda.<br>• Vinna aðferðafræði um þróun fasteignareita í eigu ríkisins til að ná fram markvissari nýtingu á efnahagsreikningi ríkisins.<br>• Áframhaldandi undirbúningur á flutningi fasteigna Landspítalans og Sjúkrahússins á Akureyri í miðlæga fasteignaumsýslu. |
| Aukin sjálfbærni og hagkvæm nýting lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins | • Auglýsa sérleyfi á jörðum ríkisins í nýju regluverki um nýtingu á landi ríkisins í atvinnuskyni.<br>• Móta ramma um ráðstöfun og verðlagningu auðlinda í eigu ríkisins með tilliti til nýtingar orkuauðlinda með hagkvæmum og sjálfbærum hætti. |

# 5.3 Fjármálaumsýsla, rekstur og mannauðsmál ríkisins

**Helstu breytingar á fjárheimildum**

**Aðhald:**
Aðhald er útfært hlutfallslega niður á stofnanir

**Bundin útgjöld**
Fjárheimild hækkar um 283 m.kr. vegna breytinga á áætluðum sértekjum stofnana. Breytingar hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem þær hafa samsvarandi áhrif á tekjuhlið.

**Almennt útgjaldasvigrúm**
Fjárheimild málaflokksins er aukin um 40 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málefnasviðsins til að koma til móts við aukinn miðlægan kostnað við rekstur fjárhagskerfis ríkisins.

## Útgjaldabreytingar málaflokksins



# Aðhald á stofnanir og verkefni

## 5.3 Fjármálaumsýsla, rekstur og mannauðsmál  ríkisins

| m.kr. | Laun | Önnur gjöld | Eigna-kaup | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Fjársýsla ríkisins** | | | | |
| Almennt aðhald | -18,9 | -25,4 | -1,6 | -45,9 |
| Sértækar aðhaldsráðstafanir | -23,7 | -7,1 | | -30,8 |
| **Ríkiskaup** | | | | 0 |
| Almennt aðhald | -1,2 | -1,1 | 0 | -2,3 |
| Sértækt aðhald | -6 | -1,5 | 0 | -7,5 |
| **Umbra** | | | | 0 |
| Almennt aðhald | -4,8 | -3,1 | -0,7 | -8,6 |
| Sértækar aðhaldsráðstafanir | -17,4 | -2,9 | 0 | -20,3 |
| **Varasjóður málaflokks** | -2,5 | -0,1 | 0 | -2,6 |
| Samtals | -74,5 | -41,2 | -2,3 | -118 |

# 5.3 Fjármálaumsýsla, rekstur og mannauðsmál ríkisins

| Markmið | Aðgerðir: |
|---|---|
| Betri og skilvirkari þjónusta ríkisstofnana | • Þjónustuviðmið gefin út á grunni stefnu um opinbera þjónustu<br>• Viðmið sett um notkun gervigreindar og spunagreindar hjá ríkinu.<br>• Kostnaðargreining og forgangsröðun þjónustuferla. |
| Efla ríkið sem góðan vinnustað og styrkja hæfni þess til að veita góða opinbera þjónustu | • Kortleggja og greina fyrirkomulag launasetningar til að auka gegnsæi og réttmæti launaákvarðana.<br>• Mótun og innleiðing fræðslustefnu, m.a. til að auka stafræna hæfni.<br>• Lykilárangursmælikvarðar (e. KPIs) um skilvirkni, viðskiptavini, rekstur og mannauð stuðla að upplýstari ákvarðanatöku, auknu gagnsæi og skilvirkni í ríkisrekstrinum. |
| Öflugri og vistvænni rekstur ríkisstofnana | • Koma á samningi um Deiglu – samrekstrarhúsnæði stofnana.<br>• Leiðbeiningar um sameiningu stofnana uppfærðar.<br>• Útgáfa nýrrar aðgerðaáætlunar sjálfbærra innkaupa.<br>• Efling miðlægs stuðnings við stofnanir við að ná árangri og auka skilvirkni. |

## Forsendur rekstrarhagræðis

Upprifun úr fjármálaáætlun



# Öflugri og vistvænni rekstur ríkisstofnana



# Framhald stafrænnar vegferðar




Í gangi

Forgangur 1

Forgangur 2

# 05.4 Stjórnsýsla ríkisfjármála

## Bundin útgjöld

- 1 ma.kr. vegna aukinna framlaga til endurnýjunar á upplýsingakerfum ríkisins. Um er að ræða fjármuni sem dreifast munu á önnur málefnasvið.
- 165 m.kr. vegna verkefnastofu um samgöngu-gjöld. Liður í verkefni í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um nýtt fyrirkomulag fyrir skattlagningu á samgöngur og framtíðartekjuöflunarkefi vegna umferðar og orkuskipta.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 30 m.kr. vegna aukinnar notkunar á sameiginlegum stafrænum innviðum vegna rafrænnar innskráningar.

## Útgjaldasvigrúm

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 30 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málefnasviðsins til að greiða fyrir innleiðingu á EES-gerðum á sviði fjármálamarkaða og vegna hækkunar á húsnæðiskostnaði vegna innleiðingar á markaðsleigu



# Aðhald á stofnanir og verkefni

## 5.4 Stjórnsýsla ríkisfjármála

| m.kr. | Laun | Önnur gjöld | Eignakaup |
|---|---|---|---|
| **Fjármála- og efnahagsráðuneyti** | | | |
| Almennt aðhald | -25,3 | -6,6 | |
| Sértækt aðhald | -44,6 | -18,7 | -12,6 |
| Ýmis verkefni | -11 | -36,8 | -132,8 |
| Annað | -22,3 | -15,6 | 0 |
| Samtals | -171,5 | -227,2 | -178,5 |

# 05.4 Stjórnsýsla ríkisfjármála

| Markmið | Aðgerðir: |
| --- | --- |
| Skýrari tengingar milli stefnu, fjármuna og árangurs | • Gert fyrir stöðu aðgerða m.t.t. markmiða sem sett hafa verið fram í fjármálaáætlun auk annarra áhersluverkefna sem tengjast stefnu ríkisaðila.<br>• Þróun aðferða og leiðbeininga sem miða að því að jafnréttismat fjárlagatillagna taki til fleiri breyta en kyns. |
| Bætt upplýsingagjöf um fjármál og rekstur ríkisins | • Framsetning ársfjórðungsuppgjöra og ríkisreiknings verði gerð notendavænni og samræmist áherslum Alþingis og stjórnvalda |
| Bætt áætlanagerð og eftirfylgni með fjármunum ríkisins | • Bætt áætlanagerð og framsetning á opinberri fjárfestingu<br>• Birting fjármálaáætlunar og fjárlagafrumvarps á gagnvirku vefsvæði.<br>• Undirstöður ákvarðanatöku í opinberum fjármálum styrktar með kerfisbundinni greiningu á breytingum sem hafa orðið á hagrænni módel- og spágerð í samanburðarríkjum.<br>• Áætlanagerð ríkisaðila til eins og þriggja ára styrkt.<br>• Áhrif á sjálfbærni og loftslag greind og höfð til grundvallar við ákvarðanatöku um breytingar á útgjöldum og tekjum. |

# Málefnasvið sem FJR  er með hlutdeild í

**6. Hagskýrsluskrár, grunnskrár og upplýsingamál**

**Markmið:**
Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum gögnum og auka möguleika fólks til lýðræðislegrar þátttöku.

**Aðgerðir:**

Mótun gagnastefnu Íslands og aðgerðaáætlun
sem tekur m.a. á endurnotum opinberra gagna.

Högun gagnafyrirkomulags innan ríkiskerfisins.

**16.10 Markaðseftirlit og neytendamál**

**Markmið:**
Aukið gagnsæi og skilvirkni, virk samkeppni og heilbrigðir viðskiptahættir fjármála- og viðskiptalífs

**Aðgerðir:**

Vinna úr og framkvæma ábendingar í FSAP-skýrslu AGS á sviði fjármála-eftirlits og fjármálastöðugleika.

Fjárheimild málaflokksins hækkar um 321,6 m.kr. í samræmi við rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins sem send var fjármála- og efnahagsráðuneytinu í byrjun árs. Fjárveiting úr ríkissjóði er jafnhá áætluðum tekjum af eftirlitsgjaldi og tekjum af skilavaldi.